MINNISBLAÐ

SKJALALYKILL	VERKHEITI
115579-MIN-002-V01 **Drög í vinnslu**	**Drápuhlíð – vinnustofa um götuhönnun, samantekt**
DAGS.	**VERKKAUPI**
03.11.2026	**Reykjavíkurborg, USK**
SENDANDI	**VIÐTAKANDI**
EFLA HB/DBO	Reykjavíkurborg

Bakgrunnur og tilgangur

Veitur og Reykjavíkurborg ætla í framkvæmdir í Hlíðunum. Þeim fylgir gröftur og rask, en einnig tækifæri til að endurnýja götu og gangstéttir. Reykjavíkurborg lagði til breytt fyrirkomulag götu með samsíða stæðum og gangstétt beggja vegna. Íbúar mótmæltu því og kölluðu eftir samráði. Vinnustofan var gerð til að koma til móts við þær óskir. Markmiðið var að móta útfærslu sem nýtur stuðnings íbúa.

Til skoðunar var Drápuhlíð vestan Lönguhlíðar. Hún er fyrst í fyrirhuguðum framkvæmdum Veitna. Tímasetning í nágrannagötum er óákveðin, en miðað er við að göturnar verði útfærðar með sama hætti, að loknum framkvæmdum.





Boðun og þátttakendur

Vinnustofan var auglýst á island.is fyrir íbúa í Blönduhlíð, Drápuhlíð, Mávahlíð og Barmahlíð og á Facebook-síðunni „Hlíðar – besta hverfið“.

Skráning fór fram í gegnum vinnustofa@efla.is og var fyrirfram áformað að bjóða 24 íbúum á vinnustofuna. Um 60 íbúar sendu ósk um þátttöku og var því ákveðið að fjölga þátttakendum. 35 manns var boðið, og hópurinn samanstóð af íbúum bæði austan og vestan Lönguhlíðar, á aldrinum 22–75 ára, konur og karlar.

Umfang og afmörkun

Vinnustofan fjallaði eingöngu um götukassann (um 12,5 m) og hvernig hann er hannaður til framtíðar. Markmiðið var að greina þarfir og móta sjónarmið. Þátttakendur komu með tillögur að útfærslu götukassans. Niðurstöður verða kynntar skipulagsráði og verða innlegg í hönnunarferli götunnar.

Vinnustofan tekur ekki afstöðu til lögmætis eða framtíðar bílastæða á einkalóðum. Gert er ráð fyrir áframhaldandi aðgengi að lóðum með svipuðum hætti og nú.

Inngangur að vinnustofu

Fyrir hópavinnuna voru kynnt eftirfarandi gögn:

- Göturýmið í dag:
- Götukassinn er um 12,5 m.
- Gangstétt sunnan megin er um 2,3 m.
- Akbraut er 3,5–4 m og skástæði um 60°.
- Máluð stæði í götu eru um 47.
- Norðurhliðin er breytileg: gangstétt er víða aðeins 1–1,1 m, og á köflum eingöngu máluð lína.

Fyrir vinnustofuna var framkvæmd talning á nýtingu bílastæða. Helstu niðurstöður hennar eru:

- Stæði eru full eða nær fullnýtt á kvöldin og um helgar.
- Nýtingin er minnst í hádeginu á virkum dögum.

181 íbúi er við Drápuhlíð vestan Lönguhlíðar og 86 íbúðir eru við götuna.

Slysakort Samgöngustofu fyrir tímabilið 2021–2025. Við Drápuhlíð: eru um 47 bílastæði máluð í götu og 27 innan lóða samkvæmt hverfisskipulagi. Á lóð Drápuhlíðar 14–16, er fyrirhuguð breytt notkun úr heilsugæslu í íbúðir.

Vinnustofa – 3 Umferðir

Lykilspurning: Hvernig má nýta 12,5 m götukassann þannig að hann mæti sem best þörfum fyrir gangandi umferð, akstur, bílastæði, aðkomu, gróður, sorphirðu og vetrarþjónustu?

Á vinnustofuna mættu 32 íbúar og unnu þeir í 6 hópum. Með hverjum hóp starfaði hópstjóri/ritari frá Eflu. Vinnustofunni stýrði Hrafnhildur Brynjólfsdóttir frá Eflu, en hún og Daði Baldur Ottósson unnu með Reykjavíkurborg að undirbúningi vinnustofunnar.

1. umferð (20 mín., 2 spurningar), „Gatan mín – þarfir og upplifun“:

1. Hvað virkar vel á götunni í dag, hvort sem fólk gengur, hjólar, keyrir eða dvelur þar?
2. Hvað veldur áhyggjum eða óöryggi?

Þátttakendur skrifuðu á blað, teiknuðu og notuðu límmiða. Hver þátttakandi byrjaði á stuttri kynningu á sjálfum sér. Einn ritari í hverjum hópi skrifaði niður punkta úr umræðunni.

2. umferð (40 mín.), „Gata framtíðarinnar og hlutverk hennar“:

Hóparnir teiknuðu, klipptu, límdu og skrifuðu tillögur að götunni. Líta átti til hlutverks götunnar fyrir gangandi, hjólandi og akandi, gróðurs, öryggis, sorphirðu, vetrarþjónustu og lýsingar.

Til viðmiðunar voru sýnd dæmi um 45° stæði, 60° stæði (núverandi útfærsla) og samsíða stæði. Fjöldi stæða í Drápuhlíð yrði þá hámark 38, 45–47 og 37–42. Einnig voru sýnd dæmi um sambærilega götukassa með 12,5 m breidd: Njálsgata, Túngata og Grenimelur.

3. umferð (15 mín.), „Rýni hópsins“:

Hóparnir mátu hvernig tillagan mætir óskum sem flestra og hvort allir séu öruggir. Þeir mátu hvaða áhrif hún hefur á það sem virkar vel í dag og á það sem veldur áhyggjum. Hver hópur ákvað hvaða lausn væri tillaga hans. Í lok umferðar kynnti hver hópur tillöguna stuttlega fyrir hinum hópunum.

4. umferð, „Ábendingar“: Þátttakendur voru spurðir hvort eitthvað mikilvægt um Drápuhlíð eða nálægar götur hefði ekki komið fram í spurningunum.

Niðurstaða vinnustofu

Almenn samstaða var um að **halda götunni að mestu í núverandi mynd** og leggja áherslu á umferðaröryggi, aðgengi og þarfir íbúa. Allir hópar vildu áfram hafa **60° bílastæði** og sterk áhersla á að **fækka ekki bílastæðum**. Nokkur sjónarmið komu þó fram um samsíða stæði eða blandaða útfærslu, meðal annars til að bæta götumynd. Þá mætti brjóta upp rýmið með **hellulögn og litum**. Enginn hópur lagði til stæði með 45°.

Áhersla var lögð á öruggar og sýnilegar **gönguleiðir beggja vegna götu**. Gangstétt sunnan götu hefur sýnt sig að er örugg og vegfarendur á henni sjást vel. **Norðan götu** mætti koma **breiðari gangstétt**. Rætt var um að tengt framkvæmdum yrði íbúum boðið upp á að tengja **affall húsa fyrir upphitun aðalgönguleiðar**. Jafnframt þarf að tryggja að **aðgengi að innkeyrslum sé óhindrað**.

Hóparnir töldu mikilvægt að **draga úr hraða** og **bregðast við akstri gegn einstefnu**. Nefndar voru hraðalækkandi aðgerðir, skýrari merkingar og tímabundið myndavélaeftirlit. Einnig var lagt til að merkja skýrt að hjólreiðar væru heimilar í báðar áttir.

Framtíðaruppbygging hleðsluinnviða var áberandi umræðuefni. Gera þarf ráð fyrir raflögnum, **þriggja fasa rafmagni** og **staðsetningu hleðslustöðva** við endurnýjun götunnar, án þess að skerða aðgengi eða notkun lóða. Skortur á innviðum fyrir hleðslustöðvar veldur því að íbúar leggja innan lóða þar sem ekki eru bílastæði. Þá komu fram hugmyndir um afmarkað stæði fyrir rafskútur.

Ólíkar skoðanir voru á umfangi gróðurs. Sumir vildu grænni götu og blágrænar ofanvatnslausnir en aðrir bentu á viðhaldsvanda gróðurbeða og lögðu frekar til **gegndræp bílastæði**. Gróður gæti jafnframt komið í veg fyrir ólöglegar lagningar á hornum og við götuenda.

Lýsing ætti að vera hlýleg og staðsett þannig að hún lýsi vel upp gönguleiðir **beggja vegna götu** án þess að trufla íbúa eða hindra aðgengi að lóðum og stæðum. Við endanlega hönnun þarf einnig að huga að vetraraðgengi, sorphirðu, frárennsli og heildstæðri og aðlaðandi götumynd.

Ítarefni – nánari umfjöllun um niðurstöðu vinnustofu

Gatan mín – þarfir og upplifun - 1. Umferð

Í vinnustofunni voru íbúar spurðir um hvað virkaði vel í þeirra götu, hvað mætti betur fara og um áhyggjur og óöryggi tengt götunni. Hér er samantekt úr þeirri umræðu frá 1. umferð vinnustofunnar.

1. Hvað virkar vel

- Skástæðin og fyrirkomulag bílastæða
    - Margir hópar lýstu ánægju með skástæðin. Þau þykja auðveld í notkun, auðvelt er að leggja og bakka úr þeim og farþegar komast út farþegamegin þótt þétt sé lagt (hópar 1 og 4). Skástæðin virka vel, sérstaklega á veturna, og umferðaröryggi þykir meira þegar bílum er lagt öðrum megin götunnar (hópur 5). Sjónsvið barna er einnig talið betra þar sem lagt er öðrum megin (hópur 2). Breidd akbrautar þykir næg og bílar skaga sjaldan út á götuna (hópur 4).
- Rólegar og öruggar götur
    - Íbúar upplifa götuna almennt sem rólega og örugga. Einn þátttakandi hefur gengið til vinnu um götuna í 16 ár og upplifir öryggi vegna lítils hraða (hópur 1). Gott þykir að keyra og ganga og ágætt að hjóla (hópur 1). Umferð er lítil og í lagi að hjóla á götunni, þó stundum sé hjólað á gangstétt (hópur 6). Einstefnan eykur öryggi, fólk er tillitssamt þegar lagt er og hraðahindranirnar, sem eru aflíðandi, virka vel (hópur 5).
- Gangstéttir, götumynd og nánasta umhverfi
    - Gangstéttin sunnan megin þykir virka vel (hópar 4 og 6) og mjóa gönguleiðin norðan götu er mikið notuð á þeim götum sem hún er (hópur 2). Almenn ánægja er með götumyndina, útlit og núverandi fyrirkomulag (hópur 6). Börn hafa mikið pláss til að hlaupa í görðum (hópur 1). Í nágrenninu hafa hjólastígar á Lönguhlíð virkað vel, gönguleiðin að Valsheimilinu var bætt með góðum árangri og undirgöngin við nýja hjólastíginn við Moskuna þykja góð (hópur 1). Snjóruðningur var einnig nefndur sem eitthvað sem virkar vel (hópur 4).

2. Hvað mætti betur fara

- Ástand og breidd gangstétta
    - Ástand gangstétta var nefnt víða. Gangstéttir eru sums staðar sprungnar og slitnar og gangstéttin í Lönguhlíð er molbrotin; þar lekur vatn inn í hús, gróður vex upp úr stéttinni og fallhætta er til staðar (hópur 1). Mjóa gönguleiðin norðan götu þykir of mjó (hópur 2) og mætti vera breiðari (hópur 6). Umhirða gangstéttarinnar norðan megin ætti að vera betri og gróður nær þar inn á gangstéttina (hópur 5). Einnig vantar kantstein (hópur 4).
    - Gangstéttin norðan megin gagnast illa (hópur 1). Hún er illa skilgreind, lendir undir illgresi og er ekki alltaf virt, enda hefur verið ekið yfir hana. Bent var á að frekar mætti nýta ræmuna í akbrautina til að auka sjónvinkil.
- Lýsing
    - Fjórir hópar nefndu lýsingu. Endurnýja þarf lýsingu (hópur 1), lýsing norðan megin er ónóg (hópur 4) og götulýsing er ekki góð, meðal annars þarf að skipta út gömlum perum (hópur 5). Einnig var lýst óánægju með fyrri hönnun þar sem ljósastaurar voru staðsettir við innkeyrslur (hópur 6).
- Hraðalækkandi aðgerðir, gróður og götuhorn

- Koddar við strætóskýli virka ekki nógu vel þar sem auðvelt er að aka framhjá þeim, og bæta þarf hraðalækkandi úrræði í götunni (hópur 1). Niðurföll vantar við hraðahindranir (hópur 5). Gróður á götuhornum er ekki vel umhirtur og mætti sleppa, og erfitt er að hreinsa snjó af götuhornum vegna fyrirstaða (hópur 5). Gatan teppist þegar sorp er sótt (hópur 1).

- Atriði til framtíðar

    - Hópur 6 nefndi að við hönnun til framtíðar þurfi að huga að hleðslustöðvum í borgarlandi, skoða snjóbræðslu í göngustíga til að draga úr hálku og koma fyrir rafskút/Hopp-stæðum í hverfinu.

3. <u>Áhyggjur og óöryggi</u>

- Akstur gegn einstefnu og of mikill hraði
    - Akstur á móti einstefnu var algengasta áhyggjuefnið og kom fram hjá fjórum hópum (hópar 1, 4, 5 og 6). Of auðvelt þykir að aka í öfuga átt (hópur 1) og of algengt að ekið sé of hratt og gegn einstefnu (hópur 5). Hópur 6 taldi akstur á móti umferð og of hraðan akstur það óþægilegasta, og benti á að gestir þekki ekki þrengslin, séu óöruggir og kunni ekki á hverfið. Hópur 1 telur 30 km/klst. mögulega of hátt hraðamark í götunni og að uppbygging og fjölgun íbúða hafi aukið álag á bílastæði, umferð og hraða. Óþægilegt þykir einnig þegar umferð úr öðrum hverfum fer í gegnum Hlíðarnar til að forðast Miklubraut (hópur 1).
- Lagning bíla og skertar sjónlínur
    - Bílum er lagt of nálægt gatnamótum og á götuhornum, sem skerðir sjónlínur, til dæmis við Reykjahlíð (hópar 1 og 4). Blómaker mynda blindhorn á mótum Reykjahlíðar og Eskihlíðar (hópur 5). Hópur 4 nefndi einnig að bílum sé lagt of nálægt gangstétt.
    - Samsíða stæði og öryggi gangandi og barna
    - Hópur 2 benti á að mesta slysahættan hafi verið við samsíða stæðin við heilsugæsluna og að þar hafi slysin orðið. Hópur 5 nefndi að stæðin við heilsugæsluna loki fyrir hjólandi og gangandi og að samhliða stæði fyllist af snjó, samanber Reykjahlíð. Hópur 1 telur að börn eigi ekki heima á götunni og að ef gangstétt væri aðeins öðrum megin myndu börn síður hlaupa á milli. Erfitt þykir að hjóla í götunni vegna öryggis (hópur 1). Hópur 3 benti á að stundum skapist hætta þegar bílar bakka úr stæðum og nefndi að fólk fari yfir götuna, sérstaklega í myrkri.
- Aðgengi neyðarbíla og snjómokstur
    - Aðkoma neyðarbíla við innkeyrslur veldur áhyggjum (hópur 4) og kanna þarf aðgengi körfubíla og slökkviliðs (hópur 2). Hópur 6 hefur áhyggjur af því að snjó sé mokað frá götunni inn á lóðir og fyrir innkeyrslur.
- Fækkun bílastæða og fyrirhugaðar breytingar
    - Áhyggjur af fækkun bílastæða komu fram hjá hópum 1 og 6. Íbúar þurfa á stæðunum að halda (hópur 1) og fækkun þeirra er talin vandamál (hópur 6). Hópur 6 lýsti almennum áhyggjum af breytingunum: íbúar vilja halda í núverandi hönnun, keyptu eignir sínar á þeim forsendum og telja hverfið mettað þannig að bílum muni ekki fjölga. Leggja þarf áherslu á að íbúar geti nýtt eigin lóðir að vild og að aðgengi að þeim verði ekki hindrað (hópur 6). Í hópi 1 höfðu sumir áhyggjur af því að hleðslustöðvar myndu skerða aðgengi bensínbíla að stæðum, en bent var á að það mætti fasa út samhliða fjölgun rafmagnsbíla.

Samantekt úr 1. umferð: Þvert á hópa eru skástæðin, rólegt umferðarumhverfi og gangstéttin sunnan megin það sem íbúar telja að virki best. Ástand og breidd gangstéttar norðan megin og lýsing eru þau atriði sem oftast eru nefnd sem mega betur fara. Stærstu áhyggjuefnin eru akstur gegn einstefnu og hraði, skertar sjónlínur við sjónlínur við gatnamót vegna lagningar og fækkun bílastæða vegna fyrirhugaðra breytinga.

Gata framtíðarinnar – Umferð 2, 3 og 4

- **Fyrirkomulag gangstétta:** Sumir telja að gangstétt beggja vegna götu auki ekki öryggi barna, því þau eigi erindi yfir götuna. Um gangstétt norðan götu voru skiptar skoðanir. Sumir vilja fjarlægja hana og bæta við breidd gangstéttar sunnan megin, en fleiri vildu halda henni, hækka hana, helluleggja og jafnvel breikka um 10-40 cm. Hún er illa skilgreind, víða í slæmri umhirðu, og í sumum götum er engin gangstétt norðan götu. Margir nefndu að setja hindranir svo bílar skagi ekki inn á gangstétt að norðan. Lýsing er ekki góð norðan megin.
- **Bílastæði:**
    - Skástæði eru góð því auðveldara er að leggja og farþegar komast út.
    - Fjölgun íbúða hefur aukið álag á stæði.
    - Merkja þarf stæði skýrar.
    - Merkja þarf innkeyrslur skýrar.
    - Áhyggjur af slysahættu við samsíða stæði. Hópurinn telur samsíða stæði auka árekstrarhættu og minnka sýnileika, með meiri hættu á að keyrt sé á börn. Mesta slysahættan hefur verið við samsíða stæðin við heilsugæsluna, þar sem slys hafa orðið.
    - Samsíða stæði. Galli að fólk leggur illa í þau og nýting verður því minni en áætlað er. Snjómokstur getur erfiður í samsíða stæðum að mati sumra. Tillaga um samsíða stæði vinnur á móti umferðaröryggi þ.e. sjónlínur með bílum sem er lagt eru góðar í skástæðum og gangstétt sunnanmegin mjög sýnileg. Tillaga fækkar stæðum sem er ekki gott. Einnig komu fram sjónarmið um að samsíða stæði gætu gefið fallegri ásýnd og mögulega verið öruggari. Áhyggjur af því að samsíða stæði gætu haft áhrif á svefn, því svefnherbergi eru við götuna sunnan megin.
    - Alls ekki setja bílastæði við sunnanverða götuna.
    - Aukið framboð bílastæða annars staðar, til dæmis í bílahúsi, gæti létt á eftirspurn eftir stæðum í götunni.
    - Einn hópur lagði til gróðurbeð sitt hvorum megin við innkeyrslur til að tryggja aðgengi að þeim.
- **Gata:** Einn hópur lagði til vistgötu með 15 km/klst. hámarkshraða og hraðahindrunum, ásamt hellulögn fremur en malbiki og steypu.
- **Gróður og grænt:** Frekar stæði en grænt í göturými. Gróður mætti hengja í ljósastaura. Hópurinn vill að íbúar verði styrktir til að fella stór tré sem eru komin með fúa og skaga yfir götuna. Gróður á lóðum er mikill í dag, sérstaklega norðan megin sem gefur grænt yfirbragð en þyrftu að vera tilmæli um að hirða betur gróður ef gangstétt yrði breikkuð. Sjónamið komu fram um að fá sjálfbæran gróður sem þarfnast lítils viðhalds og nefnd voru sérstaklega reynitré, meðal annars með vísan til reynitrjáa í Lönguhlíð.
- **Þjónusta.** Gatan teppist þegar sorp er sótt. Sorp er sótt of sjaldan og hópurinn vill fleiri grenndarstöðvar sem eru tæmdar oftar, t.d. litla grenndarstöð við Suðurver. Íbúar eru ánægðir með vetrarþjónustu, t.d. skafið vel hjá Blindrafélaginu. Hópurinn hefur áhyggjur af snjómokstri ef komið verður samsíða stæði.
- **Rafskútur.** Vilji til að banna þau í göturýminu með „rafrænni girðingu“ og sérstæðum eða hvetja til að hafa nota deilirafskútustæði með því að veita afslátt fyrir að leggja rafskútum þar.
- **Vatnshalli:** Passa þarf vatnshalla svo vatn fari í niðurföll en ekki inn á lóðir. Niðurföll vantar við hraðahindranir. Dæmi um að pollur safnist fyrir við upphækkun gönguþverunar við Reykjahlíð vestast í götunni.

Fylgiskjöl

Kynning - Bílastæðatalning október 2026. Talningargögn.

Kynning frá vinnustofu.

Kynning – útfærsla götu.

Minnisblað – vettvangsferð Hlíðar

Kynning um umferðaröryggi Ólafur Guðmundsson (frá íbúum)

Bréf – Sveinn Tryggvason (frá íbúum)